

Framsóknarblaðið

Vestmannaeyjum 23. janúar 2003

- Þróun gossins í stórum dráttum
- Saga af kisu
- Saman stóðu þeir - Saman blómstra þeir
- Dvölin í Straumsvík
- Þakklæti er okkur efst í huga
- Gosið 23. janúar 1973
- Fumlausir · Krukkspá · Gönguleiðir · Úrklippur o.fl.

Geinguleiðir · Úrklippur o.fl.

- Fumlausir · Krukkspá ·
- Gosið 23. janúar 1973
- Þakklæti er okkur efst í huga
- Dvölin í Straumsvík
- Saman stóðu þeir - Saman blómstra þeir
- Saga af kisu
- Þróun gossins í stórum dráttum



**Alþýðu-
bankinn**

— AUKABLAÐ —

Tímminn

— Þriðjudagur 23. janúar — 57. árgangur

HOTEL LOFTLEIÐIR



„Hótel Loftleiðir býður gestum sínum að velja á milli 217 herbergja með 434 rúmum — en gestum standa líka íbúðir til boða. Allur búnaður miðast við strangar kröfur vandlátra. LOFTLEIÐAGESTUM LIDUR VEL.“



Eldhafið í Vestmannaeyjum — kaupstaðurinn í baksýn. Myndin var tekin um fimmleytið í nótt. — Tímamynd: Gunnar.

Gjósandi gjá um þvera Heimaeý frá Kirkjubæ suður að Skarfatanga

JH-Reykjavík.
Jafnválegir atburðir hafa ekki gerzt í Vestmannaeyjum í 246 ár — ekki síðan Tyrkir gengu þar á land með ránum og manndrápum: Eldgos dundi yfir í Vestmannaeyjum í nótt, og áður en klukkan var orð-

in sex, hafði eldgjáin náð nálega þvert yfir eyna frá Kirkjubæ suður að Skarfatanga. Sá hluti sprungunnar, sem næst er kaupstaðnum er aðeins tvö hundruð metra, á að gizka frá austustu húsunum, og alls er eldgjáin fimmtán til átján

hundruð metra löng.
Klukkan var rúmlega tvö í nótt, er síminn heima hjá mér tók að hringja ákaft. Það var Greipur Kristjánsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík, er færði mér þær fregnir frá Sigurgeiri forstjóra Kristjánssyni, bróður sínum, fréttaritara Tímans í Eyjum, að eldur væri kominn upp örskammt frá kaupstaðnum. Stundu síðar vorum við lagðir af stað til Vestmannaeyja í flugvél frá Vængjum.

Við vorum yfir Hellsheiði, er við sáum, hvar glórði í eldana. Myndin skýrbist þegar nær dró. Miklir eldstókar gusu upp í langri röð austan Helgafells, frá suðvestri til norðausturs. Þeir hnigu og risu til skiptis, og vikursteinar dönsuðu í eldslugunum. Yfir öllu grúfði ógurlegur mökkur, ljósgrár í næturskímuni og sló á hann raudum hjarna hið næsta eldunum. Hraunstraumarnir höfðu þegar náð að renna í sjó fram, og stígu þar upp miklir gufuhnyklar, sem teygðu sig hátt

í loft, og á einum stað var sýnilega byrjað að gjósa úti fyrir ströndinni. Um þrjátíu fiskibátar lágu í hnapp úti fyrir og bíðu átekta, en nokkir voru þegar á leið til Þorlákshafnar eða nýkomnir þangað.
Við flugum í kringum eldana og lentum síðan á flugvellinum. Eldgjáin var á að gizka þrjú hundruð metra frá austurenda brautarinnar.
Við hittum fyrst fyrir ungan mann úr slökkviðlíði Vestmanna-

Framhald á bls 2

<h2 style="margin: 0;">HVERNIG FER UM VERTÍÐINA ?</h2>	<p>Það brenna nú margar spurningar á vörum fólks. Ein er sú, hvernig nú fer um vertíðina í eyjum</p>	<p>mestu verstöð landsins? Verður þar fluttur fiskur að landi á þessum vetri, og verði það ógerlegt, hvar</p>	<p>geta Vestmannaeyjabátar lagt upp afla sinn og hvar eru frystihús til þess að vinna hann?</p>
--	--	---	---

Þróun gossins í stórum dráttum

Aðfaranótt þriðjudagsins 23. janúar 1973 um kl. 1.55 hófst eldgos í um 1600 m. langri gossprungu á austanverðri Heimaey í Vestmannaeyjum. Eldgosið kom mjög á óvænt og fyrirvalaust. Að vísu höfðu fundist nokkrir vægir jarðskjálftakippir á Heimaey frá kl.10 um kvöldið, og varð snarpasti kippurinn kl. 1.40 um nóttina.

Kvöldið áður 22.janúar tók fólk á sig náðir á Heimaey á venjulegum tíma. Landlega var hjá bátaflotanum, en um daginn hafði gengið yfir stórvíðri af suðaustri með 12 vindstigum og rigningu. Upp úr miðnætti aðfarnætur 23.janúar voru fáir á ferli í Vestmannaeyjakaupstað.

Skömmu fyrir kl. 2 var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt að jarðeldur væri kominn upp skammt ofan og austan Kirkjubæjar, austast í kaupstaðnum. Gaus þá þegar í sprungunni endilangri, og var kvikus-trókaröðin svo þétt, að líkist samfelldum eldvegg. Gosið hafði byrjað, þar sem nú er aðal-gígur nýja eldfjallsins, sem síðar var nefnt Eldfell.

Hraun rann þegar í upphafi úr gossprungunni undan halla til austurs og norðausturs og tók þá þegar að myndast hraunbreiða í sjó fram. Brunalúðrar voru þeytir og bruna og lögreglubílar óku um götur með vælandi sírenum til að vekja fólk. Á þriðja tímanum munu flestir bæjarbúar hafa verið komnir á ról, og tóku þá þegar að streyma niður að höfn.

Eins og áður sagði, voru allir bátar í höfn vegna óveðursins daginn áður. Voru það Eyjabátar svo og aðkomubátar, sem leitað höfðu vars í Eyjum, búnir til brottfarar í skyndi og lagði fyrsti báturinn af stað til Þorlákshafnar um kl. hálfþrjú og síðan hver af öðrum.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað um nóttina, að af öryggisástæðum skyldi flytja alla bæjarbúa til lands nema þá, sem hefðu skyldustörfum að gegna, enda gat svo farið, að innsigli- gin lokaðist, ef gossprungan lengdist til norðurs, og eins gæti flugvöllurinn lokast ef hún lengdist til suðurs. Flugvélar fluttu um nóttina um 300 manns til Reykjavíkur, einkum sjúka

og aldraða.

Upp úr kl.4 um nóttina tók Ríkisútvarpið að útvarpa tilkynningum og fréttum af gosinu. Telja má að um 5000 manns hafi verið flutt frá Heimaey fyrstu gosnóttina, langflestir með bátum. Flutningarnir gengu vel og slysalaust. Kom það einkum til af því að veður var eins hagstætt um nóttina og hugsast gat og eins það, að fólk var röleg þrátt fyrir ósköpin sem yfir gengu.

Að morgni þriðjudagsins 23.janúar var því þeim björgunaraðgerðum lokið, sem mestu máli skiptu, og íbúar Vestmannaeyja sloppnir heilir á húfi burtu frá mestu hættu, sem steðjað hefur að íbúum þéttbýlis á Íslandi. Eftir voru í Eyjum 200-300 manns til að sinna þeim verkum, sem varð að vinna.

Samantekt á gosinu 1973

23. janúar. 1973.

Um klukkan 01.55 hefst gos á Heimaey

31. janúar.

Öskufall var víða orðið um 4 metra þykkt austast í bænum og gífurlegur þungi hvíldi því á húspökum undan þessu fargi.

6. febrúar.

Slökkvilið Vestmannaeyja fer að koma fyrir leiðslum til kælingar á norðurjaðri hraunkantsins, sem þá stefndi á hafnargarðinn

9. febrúar.

Heimaey hefur stækkað um 2 ferkílómetra.



Eystri Gjabakki og Brimnes við Bakkastíg.

20. febrúar.

Vesturhlíð eldfjallsins klofnar undan eigin þunga og myndast þá fyrsti Flakkarinn, sem talinn var vera milljónir tonna. Flytur hann ofan á hraunbreiðunni og stefnir með 25 m hraða á klst. í átt að hafnarmynninu.

22. mars.

Var mikil hreyfing á hrauntungunni, sem rann til V og NV. Hraunkanturinn ruddi undir sig varnargarði sem þá var búið að byggja og öllum húsum á þessu svæði. Hraði hraunsins var þá allt að 40 m. á klst. Þegar það stöðvaðist um kl. 05 að morgni þess 23.mars hafði mesta framskriðið verið um 180 m, um 70 hús hurfu undir hraunið á fáum klst.

25. mars.

Um kl. 20:00 tekur hraunkanturinn að skróa fram milli Landagötu og Urðarveggar. Hraunkanturinn hafði verið um 30 m. hár á þessu svæði. Víða sást þá í glóð og eld.

26. mars.

Um kl. 01:00 fór þunn og seigfljótandi hraun að vella fram á um 200 m. breiðri tungu í stefnu að Nausthamarsbryggju, með hraða sem nam 50-100 m. á klst. Um kl. 13:30 var hraunjaðarinn kominn að Heimagötu neðan Landagötu. Hafði það þá skrðið um 200 m. og 41 hús brunnið.

26. mars.

Enn klofnar úr fjallinu og nýr



Purrkhúsið.



Hér verður engu hjargað.

Flakkar stefnir til norðurs með 5-10 m. hraða á klst. Fjarlægðir á hrauni eru nú um 210 m. í Ystaklett.

1. apríl.

Hraunkanturinn hefur færst í þá stöðu sem hann hefur í dag.

3. júlí

Almannavarnanefnd Vestmannaeyja tilkynnir að gosið sé hætt að áliti sérfræðinga. Gosið varði í fimm mánuði og tíu daga. Áætlað er að um 250 milljónir rúmmetrar af hrauni og ösku hafi komið upp í gosinu. Aska og vikur voru um 20 milljónir rúmmetrar.

Eldfellið var um 225 metrar á hæð þegar gosi lauk. Heimaey sem var um rúmlega 11,3 km²

að stærð fyrir gos, en um 13,5 km² að stærð eftir gos, stækkaði því um 2,2 km².

Dælt var um 5,5 milljónum tonna af sjó á hraunið til kælingar, af því voru um 180 þúsund tonn af salti. Alls eyðilögðust um 360 hús á Heimaey eða um 30% húsa í bænum, um 400 skemmdust en 400 voru lífið skemmd. 1,5 milljónir tonn af ösku fór yfir bæinn og t.d. var áætlað að um 600 tonn af ösku hafi fallið á þak sjúkrahúsins.

Hreinsuninni var að mestu lokið haustið 1973, mest af öskunni var notað til vegagerðar, stækkun flugbrauta og í húsrúna. Um tveir þriðju íbúanna snéri aftur eða um 3500 af þeim 5300 er þjuggu hér fyrir gos.

Sagan af kisu

Í október 1972 var mér gefinn kettlingur sem krökkunum þótti að sjálfsgöðu mjög vænt um strax. Nú líður tíminn og í janúar 1973 er kisi orðinn nokkuð stálpaður og farinn að ógna músarstofninum er lifði í miðbænum þá. En gosnóttina er við flúðum burt ásamt öllum hinum stökk kisi eithvað burt, enginn vissi hvert. Við höfðum skilið eftir opinn gluggann í eldhúsinu sem kisi var vanur að fara inn og út um, alltaf þegar honum hentaði. Í öllu baslinu að komast aftur út í Eyjar, til að ná í helstu muni er fólk þurftu, var einnig á dagskrá að ná í kisu og koma henni upp á land. Hvergi fann ég köttinn en þóttist skynja að hún hafi verið eithvað á ferðinni svo glugginn var áfram skilinn eftir opinn. Á tíunda degi í gosi er ég aftur á ferð að ná í búslöðina og koma henni fyrir í


þessum frægu svörtu plastpokum sem við kölluðum tröllasm.... er ég kem inn í húsið, er var á tveim hæðum, stendur kisi á stígapallinum og horfir á mig. Svo skipti engum togum, kötturinn tekur undir sig stökk og beint á mig, þetta var svona 4 til 5 metra stökk og beinustu leið í hálsinn á mér, svo byrjaði þessi líka hávaða símfónía. Kötturinn malaði svo hátt og hjúfraði sig í hálsakot að ég efa að Júlía hafi gert svo við Rómeó. Síminn var í lagi og ég hringdi upp á land svo krakkarnir gætu heyrð þessa mögnuðu símfóníu í kettinum, sem og að láta vita að hún var á lífi eftir allan tímann. Síðan fór ég og fann eithvað að gefa kisa, hún var svöng skal ég segja ykkur. Síðan fórum við saman á fastalandið og urðu fagnaðarfundir er kisi var aftur kominn í hópinn.



Unnið við hraunkælingu á Skansinum. Tveir steinar ultu yfir garðinn og inn í höfnina.



Lúðrasveitin leikur í sólskininu. Vinnuvélarnar uppi á hrauninu hafa tekið sér frí.




Við hraunjaðarinn. Ráðamenn bæjarins ræðast við, en lúðrasveitin leikur.


Þakkar- og hátíðisdagur í Eyjum:

ENDALOKA ELDGOSS Í ELDFELLI MINNZZT

Ljósmyndir:
Hreiðar Marteinsson



Hvíldu þig, hvíld er góð — áður en hasarinn byrjar aftur.




Sigurgeir Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar, flytur ávarp sitt.

Saman stóðu þeir - Saman blómstra þeir!

Aldrei finnum við jafn mikið fyrir smæð okkar eins og þegar náttúruöflin byrsta sig svo um munar. Þá stöndum við svo agnar lítil og í raun umkomulaus og erum minnt rækilega á hversu fallvölt tilveran getur orðið. Fáir hafa verið minntir á þessa staðreynd jafn sterklega og Vestmannaeyingar fyrir 40 árum og reyndar oftast þegar náttúran hefur látið til sín taka.

Lærdómur okkar af slíkum hamförum getur verið af tvennum toga. Annars vegar hljótum við að meta dýpra og betur lífið sjálf. Á stundum sem þessum verða öll hin hversdagslegu dægurmál og argaþras hjómið eitt. Við erum minnt á að rækta manngildið, kærleikann og væntumþykjuna.

Hins vegar sjáum við gildi samstöðunnar. Náttúruöflin lögðu tímabundið af byggð í



Hjálmar Árnason

Vestmannaeyjum. Íbúarnir voru teknir upp með rótum og komu sér tímabundið fyrir annars staðar – fjarri Eyjunum með öllum þeim sársauka er því fylgir. En rétt eins og Surtsey hafði risið úr sæ 10 árum áður þá

blómstraði að nýju samfélagið í Eyjum. Þar réði úrslitum fyrst og fremst hinn sterki samtakamáttur íbúanna. Samstaðan stóð af sér höggjóð og á undraverðum tíma reis byggðin úr öskunni í orðsins fyllstu merkingu. Þjóðin fylgdist með í lotningu. Þessi samtakamáttur hefur einmitt verið aðall Vestmannaeyinga og með honum hefur ávallt tekist að vinna bug á hörku náttúruaflianna. Honum má aldrei sundra og með hann að vopni munu Vestmannaeyingar halda áfram að halda uppi blómlegu samfélagi á fögrum stað – hvað sem á dýnur.

Ég sendi Vestmannaeyingum allar mínar bestu kveðjur á þessum sögulegu tímamótum.

Hjálmar Árnason,
alþingismaður.



Birkihlíð

„Fólkið fái að koma sem fyrst heim til að lifa og starfa. Það er okkar bæn“

Sigurgeir Kristjánsson forseti bæjarstjórnar flutti ávarp við upphaf bæjarstjórnarfundar gisdaginn. Þetta ávarp er einstakt. Örugglega eitt það besta ávarp er saga Eyjanna geymir.

23. janúar.

Bæjarstjórnarfundur var haldinn kl. 10 að morgni gisdagsins. Á fundinum voru þessir bæjarfulltrúar: Magnús H. Magnússon, Sigurgeir Kristjánsson, Gunnar Sigurmundsson, Jón Traustason, Guðlaugur Gíslason, Reynir Guðsteinnsson, Jóhann Friðfinnsson og Guðmundur Karlsson. Auk þeirra Guðmundur Guðmundsson yfirlögregluþjóinn, Kristinn Sigurðsson slökkviliðsstjóri, Garðar Sigurjónsson rafveitustjóri og Páll Zophoníasson bæjartækniþráðingur.

Sigurgeir Kristjánsson forseti mælti í upphafi fundarinnar:

„Góðir bæjarfulltrúar. Þessi bæjarstjórnarfundur er haldinn á örlagastundu. Mikill jarðeldur hefur brotist út á eyjunni okkar og ógnar nú allri byggð á

Heimaey. Það mun vera einsdæmi í Íslandssögunni, að flestallir íbúar heils bæjarfélags yfirgefi heimili sín fyrirvaralaust eins og gerðist hér í nótt.

Það er þakkarefni að náttúruhamfarimar hafa ekki valdið manntjóni eða slysum, og einnig ber að þakka hugarró Vestmannaeyinga, en ekki síður gífurlika framkvæmd flutninganna. Ég leyfi mér að þakka öllum sem hér hafa að unnið.

Fyrir þessum fundi liggur enginn dagskrá, en að sjálfsgöðu eru náttúruhamfarimar umræðuefnið. Við reynum að bjarga því sem bjargað verður og gera þær ráðstafanir, sem á okkar valdi eru til hjálpar og varnar í þeim ösköpum, sem hér steðja að.

Enginn nema guð einn veit, hvaða stefnu eldgosið tekur, en augljóst er að byggðin og höfnin

eru í hættu. Við getum í því efni aðeins beðið og vonað að hamingjan forði okkur frá tortíningu, og að fólkið fái að koma sem fyrst heim til að lifa og starfa. Það er okkar bæn.“

Þá þakkaði bæjarstjórn öllum þeim mörgu sem veittu ómetanlega hjálp við brottflutninga íbúa Heimaeyjar liðna nótt.

Samþykkt var að skora á þá bæjarbúa, sem enn voru heima, og ekki voru falin skyldustörf, að flytjast þegar í stað til lands.

Þá samþykkti bæjarstjórn að fara þess á leit við lögreglu, slökkvilið, sveit björgunarfélags og féлага úr hjálparveit skáta að vera eftir um sinn.

Nokkrar fleiri samþykktir voru gerðar um ráðstafanir vegna jarðeldanna.



Vestmannaeyjabær

30 ár frá upphafi eldgossins á Heimaey

Fimmtudaginn 23. janúar nk. og helgina þar á eftir verður þess minnst á vegum bæjarstjórnar og fleiri aðila að liðin verða 30 ár frá upphafi jarðeldanna á Heimaey.

Dagskrá

Fimmtudagur 23. janúar:

Kl. 19.10: Safnast saman til blysfarar frá þremur stöðum í bænum:

1. Við norðurenda Íþróttamiðstöðvarinnar. Íbúar af Illugagötu og úr byggðinni þar fyrir vestan.

2. Við kyndistöðina hjá malarvellingum. Íbúar frá Skólavegi og svæðinu vestur að Illugagötu ásamt frá Skeifunni.

3. Við Ráðhúsið. Íbúar úr austurbæ og miðbæ að Skólavegi.

Göngufólki verða lögð til blyst til þess að bera í göngunni meðan birgðir endast.

Kl. 19.20: Rúta frá Hraunbúðum og **kl. 19.25** frá Sólhlíð 19 með eldri borgara.

Kl. 19.25: Klukkur Landakirkju kalla göngurnar af stað og mætast þær á horni Hásteinsvegjar og Heiðarvegjar. Þar slást Lúðrasveit Vestmannaeyja í hópin og mun hún leiða gönguna með tilheyrandi lúðrablastri niður Heiðarveg að bryggjusvæði Herjólfss á Básaskersbryggju.

Kl. 19.50: Stutt athöfn á Básaskersbryggju.

- Ávarp. Ingi Sigurðsson bæjarstjóri
- Söngur Kórs Landakirkju og Samkórs Vestmannaeyja
- Hugvekja og bæn. Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup
- Lúðrasveit Vestmannaeyja
- „Heimaklettur í nýju ljósi“. Arnar Sigurmundsson, formaður afmælisnefndar.
- Fjöldasöngur „Yndislega Eyjan mín“ við undirleik féлага úr Lúðrasveit Vestmannaeyja.

Áætlað er að athöfninni ljúki um **kl. 20.20**.

Kl. 20.45: Þriðji og seinasti þáttur myndaflokksins „Ég lifi ...“, sem gerður var af Storm h.f. og Stöð 2, í tilefni þess að 30 ár eru liðin frá eldgosinu á Heimaey, verður sýndur á stóru tjaldi í nýja íþróttasalnum í Íþróttamiðstöðinni.

Föstudagur 24. janúar.

Kl. 17.00: „Hinar mörgu hliðar Heimakletts“

Opnun sýningar á málverkum og ljósmyndum í húsnæði Listaskólans, þar sem Heimaklettur er sýndur frá ýmsum sjónarhornum viðkomandi listamanna.

Kl. 17.30: Erindi. Friðbjörn Ó. Valtýsson: „Kynni mín af Heimakletti“.

Sýningin verður einnig opin laugardaginn 24. janúar kl. 15.00 – 18.00 sunnudaginn 25. janúar kl. 15.00 – 18.00 og á sama tíma helgina 31. janúar – 2. febrúar.



Tímaninn



20. tölublað — Fimmtudagur 25. janúar — 57. árgangur

SYÐSTU GÍGAR HRAUNSPRUNG-UNNAR ÞRUMA LINNULAUST

4 hús brunnin, fleiri í hættu og hraunkvíslar, sem stefna á Yztaklett, vella í sjó fram

KJ—Vestmannaeyjum
Nú sem ég stand hér og flyt þessa lýsingu, vellur glóandi hraunstraumur úr gignum rétt fyrir sunnan Kirkjubæ látlaust út í sjónna með miklum gný og hvæsi. Akafar drunur heyrast frá gosstöðvunum, enda hefur verið hvað hávadasamast hér nú, og jörðin bifast undir fótum manns, og hús titra við átökin. Talið er, að hraunkvíslin sé komin tvö hundruð metra í sjó fram, og hefur hún nú orðið stefnu á Yztaklett, en þangað er eitthvað yfir þúsund metrar.


Það fór eins og margan grunaði, að hús in Kirkjubæ brunnu. Er þar þrjú íbúðarhús rústr einar, auk útihúsa, og hraunslettur hafa kastast á hús, sem fjar eru.

Rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun kom hörð goshvíða úr megingignum hjá Kirkjubæ, og lenti þá steinn á þaki huss Péturs Guðjónssonar og kviknaði þegar í því. Lítil brögð voru að eildinum fyrst í stað, en smám saman magnaðist hann og læsti sig um húsidi allt. Um klukkan fjögur í gær kom önnur hvíða mjög hörð, og slettist þá glóandi hraun á þakið á húsi Sigurbergs Jónssonar, sem brátt varð alelda. Síðast kviknaði í húsi því, er nefnt var Kirkjuból, eign Kristjáns Kristóferssonar, múrhúðuðu timburhúsi, og virtist eldurinn koma upp í kjallaranum og brjótast þágan upp. Hús þau, næst Kirkjubæ, er fyrir hraunslettunum urðu, brunnu ekki, en úr þeim hefur allt lauslegt verið flutt, nema gluggatjöld hanga enn víðast uppi.

Syðstu gígar gossprungunnar eru að miklu leyti útkulnaðir, þótt enn rjúki úr þeim, en nýrðri gígarnir eru þeim mun öflugri, eins og ljóst er af því, sem þegar hefur verið sagt. Sunnan við syðsta gígn sést, hvernig jörðin hefur rifnað, og eru þar tíu sentimetrar breiðar glufur á tóni. Í grennd við þessar glufur er líkt og gróðurnál hafi lifnað við hitann, þar sem ekki er þeim mun meiri aska.

Þegar hraunrennsli tók að stefna á innsiglinguna, var ákveðið, að Lóðsinn, hafnsguðbátur Vestmannaeyja, mældi dýpið á tveggja klukkustunda fresti, en varðskip höfðu frá því gosið hófst lónað úti og fylgt með dýpi. Var sagt í gærkvöldi, að ekkert óeðlilegt hefði komið fram við þessa mælingu.

Magnús Magnússon bæjarstjóri sagði í gærkvöldi, að mest áherzla væri lögð á það af bæjarstjórninni að bjarga verðmætum og halda öllu tilbúnu í frystihúsum og öðrum verkstöðvum, svo að vinna gæti hafist á ný án tafar, þegar gosi linnir. Brátt fyrir allt er höfnin ekki talin í yfirvofandi hættu, en vel fylgt með allri framvindu. Raddir hafa komið fram um það, að atvinnu-
Frh. á bls. 15



Hraunbrúin er komin fast að húsgöflunum. Tímamynd: Gunnar.



Kirkjubæjarhverfið var orðið alelda síðdegis í gær og voru þá nýbyggð hús í nesta nágrenni í hættu. Tímamynd: Kári.

Nefnd skipuð til könnunar og ráðgjafar

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka hverjar afleiðingar náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum geta haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarbúsins og hver úrræði eru helzt fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum.

Í dag hafa eftirtaldir menn verið skipaðir í nefndina: Tómas

Annason, hrl., formaður, Halldór S. Magnússon, viðskiptafræðingur, Guðmundur Hjartarson, framkvæmdastjóri, Guðlaugur Gíslason, alþingismaður og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Lagt var fyrir nefndina að hafa í störfum sínum samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Fjölskyldur úr Eyjum fá Tím-ann ókeypis

Forráðamenn Tímans hafa ákveðið, að allar fjölskyldur úr Vestmannaeyjum, er orðið hafa að hrekjast að heiman vegna eldgossins, skuli fá blaðið ókeypis fyrst um sinn, ef þær óska þess. Þeir, sem þetta vilja þiggja, eru beðnir að gera svo vel að hringja í síma 1-23-23.

Dvölin í Straumsvík

Martraðarnóttina þann 23. janúar 1973 vorum við í hópi þeirra 5000 Vestmannaeyinga sem yfirgáfu allar eigur sínar og sigldu út í óvissuna. En það voru hlýjar móttökur sem mættu okkur við komuna til Þorlákshafnar þennan drungalega vetrardag.

Pegar til Reykjavíkur kom var okkur ekið að Melaskólanum, þar á borðum biðu okkar góðar veitingar, heitt kaffi og meðlæti. Frá Melaskólanum fórum við á hótél Esju og bjuggum þar næstu dagana.

Pegar til Reykjavíkur kom mundi ég aðeins tvö símanúmer og var annað hjá systur minn og hitt númerið hjá föðursystur minni, sem er móðir Ágústs Þorsteinssonar, öryggisfulltrúa í Straumsvík. Tveim dögum eftir að við komum til Reykjavíkur ákvað ég að hringja í Brynhildi systur mína, en var eitthvað annars hugar og lenti á númeri föðursystur minnar, svarar þá Gústi í símann og fer hann að spyrja um okkar hagi, nú allt var í óvissu og ekkert afráðið, spyr hann þá hvort við viljum herbergi í Straumsvík og maðurinn minn jafnvel vinnu. Þóttumst við hafi himinn höndum tekið og það verð ég að segja, að það var það besta sem fyrir okkur gat komið að fá inni í Straumsvík. Þarna gat öll fjölskyldan verið saman. Í Straumsvík hafði myndast lítið samfélag Vestmannaeyinga. Á þessum tíma var samheldni Eyjabúða okkar sterkasta vörn og um leið besta áfallahljálpin.

Pegar eldgosíð hófst á Heimaey og neyðarkall um hjálp og húsnæði var sent til allra landsmanna ákvað framkvæmdastjórn Íslenska álfélagsins að verða að liði og leggja Vestmannaeyingum til svefnskála, sem notað höfðu verið þegar álverið var í byggingu árið 1966-67.

Skálarnir standa rétt innan girðingar við álverið og sjást frá Keflavíkurveginum þegar ekið er framhjá verksmiðjunni.

Pegar við fluttum inn í skálann í byrjun febrúar voru fyrir um 30 Vestmannaeyingar, þegar við vorum flest vorum við um 50, börn og fullorðnir, sem nutu gestrisni þeirra ÍSAL manna.

Munum við vera ævarandi þakklát starfsmönnum ÍSAL fyrir hjálpinu og drengskap sem okkur var sýndur á raunarstundu.

Ljóst var að svefnskálarnir voru alls ekki hannaðir fyrir fjölskyldufólk. Herbergin voru lítil og engin eldunarstöða. Enda var tekið fram í upphafi að hér væri aðeins um bráða- birgðalausn að ræða, þar til við fundum hentugra húsnæði. Ekki grunadi okkur að þegar fyrstu Vestmannaeyingarnir fluttu inn í skálann 25. janúar, að síðasti gesturinn yfirgæfi þennan dvalarstað ekki fyrr en í árslok 1973.

Allan tímann sem við flóttafólkíð úr Eyjum vorum undir verndarvæng ÍSAL var reynt eftir megni að gera líf okkar sem allra bærligast. Fjölskyldur fengu eftir stærðum, 2-4 herbergi til umráða. Til sameiginlegrar notkunar var lögð ein stór setustofa, með sjónvarpstæki, hægindastóllum



Göngutúr í Straumsvík. Talið frá vinstri: Kristín Georgsdóttir, Harpa Njálisdóttir og Ágústa P. Friðriksdóttir. Börn í kerru: Halldóra Ólafsdóttir og Logi Jes Kristjánsson.

o.fl. Þvottaherbergi með nokkrum þvottavélum og þurrkurum.

Spilasalur starfsmanna ÍSAL var matsalur okkar og dagheimili barnanna.

Starfsmannafélag ÍSAL keypti leiktæki fyrir börnin og þegar voraði lét ÍSAL gera grasvöll milli skálanna fyrir leiksvæði barnanna, en börnin hafa verið um 20 þegar flest voru, á öllum aldri. Sóttu nokkur þeirra skóla til Hafnarfjarðar.

Til að dreifa huganum frá þeim miklu erfiðleikum sem við og aðrir Vestmannaeyingar vorum í, gerðum við ýmislegt okkur til dægurstyttingar meðan við dvöldum í Straumsvík. Fórum við oft í gönguferðir með barnahópinum í nágrenninu. Krakkarnir og pabbarnir dorguðu smáufsa á bryggjunni. Sæðyrasafnið í Hafnarfirði var heimsótt. Farið var í rútuferð um Suðurlandið. Á kvöldin horfðum við saman á sjónvarp, spilað var bíngó og spjallað saman. Á fimmtudögum þegar ekki var sjónvarp (á þessum tíma var ekki búið að finna upp vídeóið

eða tölvur) Þá komu vinir okkar og aðalengiliðir okkar við ÍSAL, þeir Hans Jeteck og Erich Hubner og sýndu Gög og Gokke og Chaplin myndir við mikinn fögnuð barnanna.

Pegar lítið er til baka þá er margt góðs að minnst frá dvöl okkar í Straumsvík. Oft var glatt á hjalla gantast og leikið sér, en stundum grátið yfir örlögum okkar kærur Eyju og hinna mörgu Eyjabúða sem áttu um sárt að binda og lifðu í því óöryggi sem fylgir því að vera allt í einu heimilislaus og vita ekki hvað framtíðin bærir í skauti sér.

Góð vinátta myndaðist með hópnun sem bjó saman í Straumsvík, sem mun endast ævilangt.

Hinn 3. júlí 1973 sendi Almannaávarnanefnd Vestmannaeyja út tilkynningu og lýsti því yfir að gosinu væri lokið, fjórum dögum síðar fluttum við aftur heim og vorum önnur fjölskyldan sem létum skrá okkur til búsetu í Vestmannaeyjum aftur eftir gos.

Ágústa Þyri Friðriksdóttir.

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfuna

Pizza 67

H.S.H

Þór Vélaverkstæði

Straumur

Miðstöðin

Cafe María

Bragginn

Steingrímur Ben. Gullsmiður

Hjólbarðastofan

Callas

Volare

Steypustöð Vm.

Sæplast Dalvík

Skipalyftan

Fiskvinnslan V.E.

Lögmenn Vm

Toppurinn

Bílverk

Teiknistofa P.Z

GÞ pípulagningar

Flugfélag Vestmannaeyja

Penninn

Brimnes

Tréverk

Netagerðin Ingólfur

Gámaþjónustan Vm

Lögmansstofa

Jóa P og Helga Braga

Foto

Eyjablíkk

Axel Ó

Eyjabúð

Þakklæti er okkur efst í huga

Það er ekki á valdi okkar manna að reyna að skilgreina hvaða verndarhendi það var er yfir fólkinu og byggðinni hér var þann 23. janúar 1973. Á einhvern undra- og óskýranlegan hátt kom gosið upp á því eina svæði á eyjunni að það særði ekkert líf. Flóttinn frá Eyjum um nóttina og fyrstu dagar eftir að gosið hófst eru á sama hátt hulin einhverri vernd er við fáum ekki skýrt á einfaldan hátt. Þessa örlagaríku daga sýndu Vestmannaeyingar staðfestu, ótrúlega ró og mannlega reisin. Allan þann tíma er gosið varði og fjölskyldur voru meira og minna tvístráðar um allt land. Björgun verðmæta stóð sem hæst og síðan uppbygging bæjarins á ný komu þessir bestu eiginleikar íbúanna hvað skýrast í ljós. Mannlegi þátturinn í baráttunni kom berlega fram og

öllum var það dagljóst að ekkert samfélag fær þrífist án kærleika, dugandi einstaklinga, samstöðu og væntumþykju. Í nútímanum þegar að græðgin ríður húsum í þjóðfélaginu getum við dregið lærdóm af reynslu Vestmannaeyinga í gosinu 1973. Sömuleiðis kom það fram þessa örlagaríku mánuði að Íslendingar eru sterk og samstæð þjóð er á reynir. Það er mikil þryði á einni þjóð. Sá stuðningur er íbúar í Eyjum og bæjarfélagið fékk á þessum tíma verður seint fullþakkað. Auðvitað komu upp ágreiningatriði um túlkun og skilning á mörgum þáttum og á stundum fannst Eyjamönnum og það réttilega vera hallað réttum málum. Þó er það einn þáttur er gerir gosið frábrugðið öðrum náttúruhamförum í byggð á Íslandi. Í gosinu var ekki mannþjón. Okkur var hlíf og hullinn



Mannvirki máttu sín lítills gegn náttúruöflunum.

kraftur hélt verndarhendi yfir íbúum bæjarins, aftur á móti var eignatjón gifurlegt.

Í dag er við minnumst þessara atburða er okkur efst í huga þakklæti. Þakklæti fyrir að ekki fór ver og fyrir þá aðstöð er við fengum á þessum örlagaríka

tíma í sögu Vestmannaeyja. Fjársjóður eyjanna, fólkíð í bænum tekur nú stefnuna fram á við. Og með samstöðu, kærleika og þá reynslu er fékkst í eldgosinu þann 23. janúar 1973 stefnum við til betri hags.

Andrés Sigmondsson.

Heimaey, gosið 23. jan

Íslendingar hafa löngum verið minntir á að náttúruöflin eru óútreiknanleg og viðsjárverð. Án þess að gera boð á undan sér rifnaði jörð á Heimaey og eldur og eimyrja stígu trylltan dans. Rúmum áratug áður höfðu menn fylgst hugfangnir með því hvernig ný eyja, Surtsey, myndaðist úr íðrum jarðar, á 130 m. dýpi suðvestur af Heimaey. Nú voru menn minntir á eyðingarmátt sömu afla.

Gosið hófst kl. 1:45 aðfaranótt 23. janúar 1973. Vart hafði orðið smá jarðhræringa, en ein-skis sem talist gat fyrirboði þeirra óskapa sem á eftir fylgdu. Til allrar mildi var flotinn í höfn, vegna þess að ekki hafði gefið á sjó, en þegar gosið hófst var veður gengið miður og gekk því greiðar en ella að flytja til lands þá 5200 eyjaskeggja sem í skyndi þurftu að yfirgefa heimili sín þessa órlagarfku nótt.

Fæstir gátu metið þann veruleika sem við blasti, svo snögg voru umskiptin.

Næstu mánuði horfðu margir á ævistarf sitt verða eldi og hrauni að bráð. Þeir sem urðu eftir á eyjunni við björgunarstörf, höfðu lítinn tíma til að hugsa um annað en eld- og hraunvarnir. Þarna fengu margir, einkum ungir karlmenn, að kljást við krefjandi verkefni, linnulítið sólarhringum saman. Annar veruleiki beið þeirra sem dvöldu upp á landi. Þessir fyrrum húsbændur á sínum heimilum máttu nú feta stafkarlsstíg og bíða þess sem verða vildi. Enda þótt verulega hafi reynt á rósemd Eyjamanna og þolgæði við brottflutninginn, er óhætt að segja að álagið hafi aukist til muna næstu vikurnar. Menn tóku að átta sig á atburðunum og enginn gat vitað hvort hann ætti afturkvæmt til

átthaganna. Annað sem olli mönnum áhyggjum, var að hætta var á að lífæð byggðarlagsins, höfnin, lokaðist. Þegar var hafist handa við að reyna að hafa stjórn á hraunstrauminum með varnargörðum og með því að kæla hraunið. Nokkurn tíma tók að fá nógu öflugan dælubúnað, en ljóst varð að hraunkælingin, ásamt með öðru björgunarstarfi, átti stóran þátt í því að ekki fór ver. Surtseyjargosið stóð í fjögur og hálft ár og enginn gat vitað hvenær gosinu á Heimaey lyki. Þó er nokkuð ljóst að stærstur hluti Eyjamanna missti aldrei trúna á að þeir ættu afturkvæmt. Loðna var brædd í miðju gosi og hreinsunarstarf gekk með undraverðum hraða í goslok. Gosinu lauk um mánaðarmótin júní, júlí 1973 og á næstu mánuðum fluttu rúmírir tveir þriðju Eyjamanna aftur til heimahaganna.

Uppbygging hófst að nýju og hjól hversdagslífsins tóku að snúast eftir hremmingarnar.

Hraunkæling

Strax á fyrsta degi gossins komu prófessorarnir Trausti Einarsson og Þorbjörn Sigurgeirsson, og Leó Kristjánsson jarðeðlisfræðingur. Erindi þeirra var m.a. að kanna aðstæður til að kæla hraunið niður, með því að dæla á það köldum sjó ef rennslí þess tæki þá stefnu, sem ógnaði byggðinni. Talað var um að reyna kælingu með sjó til að hefta hraunið eða breyta stefnu þess.



Húsin brenna við Heimagötu. Blátindur til vinstri.



Þingholt við Heimagötu.



Kirkjuvegur, Franski spítalinn, Woxa-bakarí, Brynjúlfsbúð. Bankaklukkan gægjist inn á myndina.

Fyrsta tilraun til að hefta framrás hraunsins með vatnsdælingu var gerð tveim vikum eftir að gosið hófst, en þá var hraunið komið ískeyggilega nálægt hafnarmynninu. Slökkviliðið í Eyjum hóf að sprauta sjó á hraunjaðarinn og virtist mönnum sem vatnið hefði nokkur áhrif á hraunstrauminn. En það vantaði öflugri dælur. Dælu-skipið Sandey kom 1. mars. Því var einkum ætlað að styrkja hraunkantinn og hefta framrás Flakkarans. Ætlað er að

Sandeyin hafi dælt um 400 lítrum af sjó á sekúndu upp á hrauntunguna í 30 metra hæð. Áhrifin voru augljós, hrauntingan sem var kæld haggadist ekki upp frá þessu þrátt fyrir að mikill þrýstingur myndaðist síðar á hana frá Flakkarunum. En menn sáu að margfalt afkastameiri dælubúnað þyrfti við sem gæti dælt vatninu í allt að tvisvar til þrjár sinnum meiri hæð en sá sem fyrir var. Þann 26. mars kom fyrsta sending dælubúnaðar flugleiðis frá Bandaríkjunum. Vel gekk að setja dælurnar saman og fyrsta einingin var tekin í notkun 30. mars.

Er talið að samtals hafi verið dælt 6,2 milljónum tonna af vatni. Þegar flest var unnu um 75 manns við kælinguna. Miklir örðugleikar voru við að koma leiðslum upp á glóandi hraunið og lögðu menn sig oft í hættu.

Hvað á fellid að heita ?

Fljótlega var farið að tala um nafn á nýja fellid og sýndist sitt hverjum. Lýst var eftir nafni í stuttri grein í Morgunblaðinu og tillögum rigndi inn, bæði í Eyjapístiti og í lesendabréfum til dagblaðanna. Margir vildu nefna það Kirkjufell vegna Kirkjubæjanna, aðrir voru mun frumlegri og vildu nefna fellid Þrym, Gribbu, Bessa, Gám, Glám, Hroll, Spáfell eða Bæjarfell. Alls bárust á þriðja tug nafna. Niðurstaða Örnefnaneindar var tilkynnt 24. apríl 1973. Hið nýja eldfjall skyldi heita Eldfell. Ekki voru allir sáttir við það nafn. Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur skrifaði Magnúsi Magnússyni bæjarstjóra bréf 23. janúar 1974 vegna misskilnings sem hafði komið fram í útvarpsþætti þá um daginn. Einn bæjarstjórnarmanna hafði fullrytt að Sigurður væri í Örnefnaneind

úar 1973

Ljósmyndir: Bói Pálma.

„og þar með meðabyrgur um það ómyndarlega og rislaga nafn Eldfell. ... Eldfell þýðir jú ekkert annað en vulkan, eldfjall og mér fannst óþarft að upplýsa Vestmannaeyinga um það að þetta væri eldfjall. Sjálfur aðhylltist ég nafnið Kirkjufell, mér finnst það látaust og eðlilegt og sögulega rétt og fara vel við Helgafell, það fjall sem raunverulega bjargaði bænum með því að varna því að sprungan lenti beint á hann.”

Starfsemin í Hafnarbúðum

Strax fyrsta daginn bauð borgarráð Reykjavíkur Vestmannaeyjabæ endurgjaldslaus afnot af Hafnarbúðum svo lengi sem

þörf væri á. Starfsemin þandist út á örskömmum tíma, síma-kerfið sprakk t.d. strax fyrstu dagana og þurfti að fjölga línunum úr þremur upp í 11 auk þess sem komið var upp skiptiborði með 16 innanhússímum. Aldrei gafst tóm til að skipuleggja starfsemina.

Aðstæðurnar sköpuðu þarfirnar, oftast hraðar en hægt var að sjá þær fyrir. Þær réðu ferðinni og voru hinn raunverulegi stjórnandi starfsins. Fyrstu dagana var fólk aðallega að leita upplýsinga um hvar vinir og ættingjar voru niðurkomnir og hvort og þá hvenær þeim væri mögulegt að komast út til Eyja aftur, til þess að sækja fót og



Pingvellir, Pingholt og Hótel Berg í ljósum logum.

aðrar lífsnauðsynjar.

Rauði krossinn tók á móti flóttafólkinu við komuna til Reykjavíkur og kom því fyrir til bráðabirgða og útbjó töluskrá um dvalarstaði og símanúmer rúmlega 4000 Vestmannaeyinga. Rauði krossinn flutti alla

starfsemi sína í þágu Vestmannaeyinga í Hafnarbúðir og samstarfið og samvinnan varð mikil og góð. Margir sjálfboðaliðar komu til starfa, bæði á vegum Rauða krossins og úr röðum Vestmannaeyinga.

Einkum unnu margar konur sjálfboðaliðastarf. Reykvískir skólanemar lögðu einnig hönd á plóginn og fyrirtæki, félagsamtök og stofnanir lágu heldur ekki á liði sínu.

Mikil ásókn var í að komast út til Eyja og Almannavarnarráð setti sérstakar reglur um ferðir fólks til Eyja. Útgáfa þessara ferðaleyfa átti eftir að verða eitt verst þokkæða og vandasamasta verkefni fólksins í Hafnarbúðum. Gefin voru út sérstök skírteini til staðfestingar á því hverjir væru Vestmannaeyingar. Þau giltu sem aðgönguseðill að allri fyrirgreiðslu sem Eyjamönnum stóð til boða og án þeirra fengu menn ekki afhenta búshluti úr móttökustöðvunum. Óskilamunir hlóðust upp og þegar farið var að flytja búslóðir til lands annaðist óskilamuna-deildin þær. Útvega þurfti bifreiðir til að aka búslóðunum frá skipi og húsnæði til að geyma þær í. Flestir höfðu yfirgefið heimili sín í flyti og margir voru peningalítir eða jafnvel peningalausir. Rauði krossinn lýsti því yfir að hluti fjárframlaga sem borist höfðu skyldi þegar varið til fólksins. Fljótlega var einnig farið að úthluta gjafafé sem barst til Hjálparstofnunar kirkjunnar og Hjálparsjóðs Æskufólks. Starfsfólk Bæjarsjóðs Vestmannaeyja yfirtók starfsemina fljótlega. Eyjakonur fóru þegar 25. janúar að veita kaffi í mötuneytinu. Kvenfélagið Heimaey bauð fram alla vinnu við mötuneytið nema eldamennskuna sem nemendur Hótel- og veitingaskóla Íslands sáu um fyrstu þrjár vikurnar. Leyfi ráðherra fékkst til að loka skólanum á meðan. Fjöldi máltíða á dag var oft um 600. Sjálfboðaliðum, sem unnu við móttöku búslóða, var sendur matur á vinnustaði sína. Smá saman dró úr aðsókn og umsvifin minnkuðu en mötuneytið var mikilvægur mótstaður fyrir Eyjamenn.

Húsnæðismiðlun tók þegar til starfa og skilaði góðum árangri. Fólk hafði verið komið fyrir til bráðabirgða í skólum eða hjá ættingjum. Sú staðreynd að hægt var að koma svo mörgum

fyrir á einkaheimilum á örfáum klukkustundum vakti athygli víða um heim. Fljótlega varð ljóst að útvega yrði fólk betra húsnæði. Boðin voru afnot að einstaklingsherbergjum, íbúðum, sumarbústöðum og allt upp í heilu sumardvalaheimilin. Munaði þar mest um Ölfvborgir, en þar var strax þann 28. janúar búið að koma fyrir um 280 manns. Viðlagasjóður tók fljótlega frumkvæðið í húsnæðismálunum.

Atvinnumiðlunin útvegaði um 200 manns atvinnu. Rauði krossinn opnaði ráðleggingastöð í Heilsuverndarstöðinni. Einnig stuðlaði hann að starfsemi tveggja barnaheimila í samvinnu við Hjálparstofnun kirkjunnar og kom upp aðstöðu fyrir unglinga í Tónabæ.

Viðlagasjóður

Viðlagasjóður var stofnaður samkvæmt lögum 7. febrúar 1973. Alþingi kaus stjórn, en forsætisráðherra skipaði formann og varaformann. Viðlagasjóður var framkvæmdaðili að öllum björgunar- og varnaðgerðum í Eyjum. Það þurfti að hreinsa bæinn, lagfæra skemmdir á húseignum og bæta eigendum þeirra tjón. Sjóðurinn greiddi einnig ýmsar skuldbindingar húseigenda s.s. afborganir og vexti. Bætur voru greiddar fyrir skemmdir og glataðar búslóðir auk tekjumissis. Af þeim 1349 fjölshýsingum sem urðu að yfirgefa heimili sín í Eyjum leituðu tæpar 900 aðstoðar um húsnæði á vegum Viðlagasjóðs á 30 stöðum á landinu.

Til að flytja framkvæmdum keypti sjóðurinn 542 íbúðarhús frá Norðurlöndunum. Eftir könnun meðal Vestmannaeyinga var ákveðið hvar húsinn skyldi staðsett á landinu. Einnig voru byggðar um 46 íbúðir í fjölbýlishúsum í Reykjavík og Hafnarfirði.

Viðlagasjóður tók þá ákvörðun í ágúst að flytja fyrir uppbyggingu Heimaeyjar. Það skyldi gert með því að láta hefja vinnu við að koma stærstu atvinnufyrirtækjunum af stað aftur og flytja vélar og tæki til baka. Til að flytja fyrir heimflutningi Vestmannaeyinga var ákveðið í september að greiða staðaruppbót til fólks sem komið var til baka. Frá 1. október tók bæjarsjórnin að sér hlutverk framkvæmdaðila.



Ljóm: Sigmar Pálma

Gosið í fullum gangi. Myndin tekin frá Heiðarvegi.


Félagslífið byrjað að blómstra hjá yngri kynslóðinni!

— Ærandi músik helzt tvisvar í viku, opið hús m.m.

Það má svo sem eiga von á mörgu úti í Eyjum, en Vísir mönnum brá heldur í brún, þegar þeir röltu upp Heiðarveg í fyrirkvöld og heyrðu snögglega glymjandi popmúsík. Það sýndi sig að músikin kom frá Félagsheimilinu í Eyjum, en er þá félagslíf farið að blómgastr þar nú þegar?

Jú heldur betur. Það var diskótek fyrir ungu kynslóðina í Eyjum í húsinu. Og þarna dönsuðu og skoppuðu 13-16 ára krakkar, eins og slíkt hefði aldrei verið lagt niður í Eyjum.

„Við erum með diskótek hérna hálfsmánadarlega eins og er, en stefnum að því að koma því upp tvisvar sinnum í viku í framtíðinni“, sagði Ragnar Sigurjónsson, sá sem stjórnabí diskótekinu og því sem þar fór fram.



Krakkarnir í Eyjum dansa, eins og aldrei hafi verið gert hie á glaum og gleði þar.....

.....og diskótekarinn Ragnar Sigurjónsson (t.v.) hyggt vera iðinn við að byggja upp blómlegt félagslíf yngri kynslóðarinnar. Með honum er Gunnar Einarsson, sem aðstoðar hann við það. (Ljós. B.G.)

„Ég byrjaði með þetta hérna í byrjun nóvember, og ég hef hug á því að koma á liflegu félagslífi með tímanum. Við munum ekki eingöngu binda okkur við diskótek, heldur viljum við líka koma á plötukynningu og plötukvöldum þar sem fólk gæti komið og beðið um að fá að

heyrja einhver sérstök lög. Við gætum líka tekið heilt kvöld í það að kynna eina hljómsveit“.

„Ég hef einnig hug á að koma hér upp opnu húsi, þ.e. með borðtennis og ýmsum öðrum leiktækjum, við höfum reyndar þegar reynt borðtennis“.

„Við erum aðallega með 13 ára krakka hér í kvöld, og það er mesta stuðin.“ Og það sýndi sig, krakkarnir dönsuðu bress og kát, músikin var ærandi eins og þykir vist tilheyra, og meðfram klefa diskótekarans blikkuðu mislit ljós, alveg eins og í alvöru diskóteki.....

GETUR BRÁTT RAKAÐ SIG

— því nærri helmingur íbúanna kominn heim til Eyja

„Það fer að styttest í það, að ég þurfi að raka skegg mitt“, sagði Eyjamaður einn, sem hét því fljótt eftir byrjun goss að raka sig ekki, fyrr en helmingur íbúanna væri kominn heim aftur. Hann átti áreiðanlega ekki von á, að það yrði svona fljótt, frekar en aðrir.

Nú eru íbúar orðnir 2300-2400 talsins, en um jólin voru öllu fleiri í Eyjum. Mikil virtist vera um gesti, sem komu þangað eingöngu til þess að halda jólin. Fyrir gos voru rúmlega 5300 manns búandi í Eyjum.

Múlafoss kom með nokkra gáma til Eyja í fyrradag, þegar Vísismenn voru þar á ferð, og þeim flutningum er áreiðanlega ekki lokið strax.

—EA

„Stærsta biðstofa á landinu — frumlegasta rakarastofa í heimi“


— Litið inn hjá Ragga rakara í Eyjum

„Hér sjáid þið stærstu biðstofu á landinu og frumlegustu rakarastofu í heimi“, sagði Ragnar Guðmundsson, eða Raggi rakari eins og hann er kallaður, þegar Vísismenn litu við á rakarastofu þeirri sem hann hefur komið upp í Eyjum.

Og það eru líklega orð að sönnu. Biðstofan er fyrrverandi verzlunarhúsnæði, þar sem verzláð var með hreinlætisvörur, og verzlunarhúsnæði þetta hefur verið fremur rúmgott, þannig að menn geta rétt ímyndað sér hversu stór slík biðstofa er.

Inn af biðstofunni er svo fyrrverandi skrifstofa, en þar hefur Raggi rakari komið upp rakarastofu. Þar er aðeins einn stóll, bráðabirgðaborð og spegill, en svo auðvitað harpurra og tilheyrandi þarfahlutir. En menn verða að gjöra svo vel að þvo sér um hárið heima hjá sér áður en komið er til rakarans, því þvottastöðba er engin.

„Ég opnaði hérna í nóvember og hef opið 2 daga í viku og þá allan daginn. En nú geri ég mér



„Fyrirmyndarstofa“, sagði kunninn sem settist í stólinn hjá Ragnar Guðmundssyni, sem starfar nokkuð ólíkt stéttarbræðrum sínum, rökurum, annars staðar á landinu (Ljós. B.G.)

vonir um að geta flutt bráðlega í húsnæði við Miðstræti, þar sem eðlileg rakarastofa kemur upp“.

„Í apríl eða maí verður líklega tímabært að fara að athuga með rektur alla vikuna. En enn sem komið er, er það mikil hreyfing á mönnum, til og frá Eyjum, að þess er varla nauðsyn. Þeir láta þá kannski klippa sig í Reykjavík“.

„En hér er nóg að gera. Ætli það komi ekki um 20-30 karlar á dag hingað, þegar opið er. Það fer þó nokkuð eftir veðri, það koma fleiri þegar vel víðrar. Eins og er er þó nokkuð daufur tími. Það er hálfgerður þrestandi í mönnum fram yfir mánaðamót“.


— En vilja menn ekki hafa stofuna opna alla vikuna?

„Þeir eru að spjalla um það

að ég vinni alveg og eingöngu í þessu, það fer líklega að koma að því bráðlega“.

En karlarnir í Eyjum kunna vel að meta þennan eina rakara í Eyjum og óvenjulega aðstöðu hans, það heyrðist bezt á fyrsta kunnánum í morgunarsári í ger. „Fyrirmyndarstofa, ekki vantar það“, sagði hann um leið og hann kom sér fyrir í stólnum.

—EA



Tekið á móti gáumum í Eyjum í fyrradag. — Sífellt fjölgar fjölskyldunum, og helmingur er þegar kominn heim til sín.

Fumlausir

Margar sögur eru til af einkennilegri hegðun sumra þessa margfrægu gosnótt. Menn tóku með sér hina ýmsu skrifnu hluti eða verkfæri, sem þeir skildu svo ekkert í, af hverju þeir hafi einmitt gert það. Flestir íbúa héldu einfaldlega ró sinni og gerðu það sem skyldan bauð þeim. Margir hafa minnst á, að er Surtseyjagosið var, hafi það einhvern veginn greipt sig inn í hug Eyjamanna að gos á eyjunni eða nálægt henni gæti alltaf gerst. Einmitt þess vegna hafi margir haft einhvern vara á sér og jafnvel skipulagt það með sjálfum sér, hvað gera skildi ef gos brytist út, á eða við Heimaey. Það hafi blundað í undirmeðvitund margra hvað og hvernig haga ætti sér við slíkar aðstæður. Það rennir stóðum undir þessa skýringu, hversu öruggir og fumlausir íbúa bæjarins voru þessa örlagaríku nótt. Það hafði mikið að segja um hversu flutningarnir á fólki gengu vel fyrir sig sem og annað.

● Mótútkurnar er við Vestmannaeyingar fengum er við komum upp á land voru hreint út sagt fráberar og verður fullseint þakkað fyrir allt það er gert var. Gosnóttina er bátarnir komu til Þorlákshafnar voru hjálparsvéitir til staðar. Rútur voru klárar að flytja alla til Reykjavíkur. Þar var farið í skóla og allir skráðir og fengu hressingu. Íslendingar eru ein þjóð og kom það vel í ljós þessa örlagaríku daga.

● Hann kom labbandi í rölegheit-um niður á bryggju gosnóttina með hjólbörur. Í börurnar hafði hann komið fyrir því merkasta og því bráðnaudsýnlegasta er hann taldi að hann þyrfti að hafa með sér. Já, okkar maður ætlaði sko ekki að skilja nýja sjónvarpið eftir.

● Eldri kona kom niður á bryggju. Henni var hjálpað um borð í einn bátanna. Hún hélt á plastpoka. Sú gamla var nýbúinn að fá sér glænýja hárkollu og ætlaði að sjálfsgöðu að hafa hana með upp á land.

● Svo var það einn stófrændi Vestmannaeyinga er bjó í Reykjavík og var ákaflega stoltur af uppruna sínum. Konan vakti hann gosnóttina og sagði honum frá því að það væri byrjað að gjósa í Eyjum. Já, já sagði hann og sneri sér á hina hliðina.




Á hraðri leið út á Heimagötu.

Um morguninn er hann loksins vaknaði brá honum heldur betur í brún og mundi eftir samtalinu um nóttina. Hann sneri sér að konunni og sagði „og eru þeir þá allir kannski dauðir“.

● Sumt má ekki segja eins og t.d. er við vorum á einum vörubílnum og unnið var við að bjarga búslóðum úr mörgum húsum og flytja niður á bryggju. Við byrjuðum í einni ónefndri götu (það var á Hólagötunni) svo var hafist handa við að bera út, komu þá ekki 11 kassar af þessum fína Tuborg bjór upp úr brunnum og eitthvað af sterku. Þetta kom sér vel og hressti björgunarmenn við. Svo komum við að næsta húsi, þá gerist bara nákvæmlega það sama. Björgunarmenn voru í fínu lagi og það var unnið langt fram undir morgun.

● Tveir virðulegir borgarar í bænum voru að hjálpa vini sínum að bera búslóðina út á vörubíl og voru langt komnir með verkið. Þeir taka á milli sín dýrindis sófa úr plussi og fnírí, leggja af stað með hann út, þá hefst mikið gjóskufall. Það er engum blóðum um það að fletta,



Varnargarðurinn. Lá frá gosstöðvunum og vestur Urðarveg.

sófinn stóð í ljósum logum og brann glatt og hratt. Það var aldrei sest í þann fína sófa aftur. En teppið úr stofunni var notað til að hlífa því sem komið var upp á bfl. Það teppi var heldur aldrei notað aftur.

● Menn kölluðu nú ekki allt ömmu sína í gosinu eins og eftirfarandi saga ber með sér:

Rótgróinn Eyjamaður er búsettur var í austurbænum stóð og starði á eldgosið og mikilfengleika þess. „Magnað sagði hann, alveg stórmagnað. Ötrúlegt, alveg ötrúlegt. Einstaklega er þetta mikilfenglegt. Á meðan brann húsið hans á augbragði.

● Viðlagasjóðshúsin. Fljótlega var hafist handa við að reisa innflutt hús víðsvegar um landið á vegum Viðlagasjóðs. Margir muna eftir gámahverfinu er var í Hveragerði. Ölfusborgir voru fullar af Vestmannaeyingum allt sumarið. Stór hverfi voru reist af viðlagasjóðshúsum á Selfossi. Reykjavík (kardimommubærinn). Í Keflavík. Þorlákshöfn. Hafnarfirði. Garðinum. Eyrarbakka, Stokkseyri, Hellu, Akranesi og víðar voru sett niður hús.

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfuna



SKELJUNGUR

SKÝLIÐ
FRÍÐARHÖFN



HÖLLIN
Veihúsi- og Ráðgjafarúð
sú. 451 2665
Fax 491 2300 / e-mail: veihug@hollin.is

Deloitte
& Touche



Steini og Olli
Byggingaverktakar



VINNSLUSTÖÐIN



HITAVEITA
SUÐURNESJA hf.



BERGUR-HUGINN



DRÍFANDI



ÍSLANDBANKI

GEISLI



SPARISJÓÐUR
VESTMANNAEYJA



KAUPTING

emmess



KÚTMAGAKOT

Landflutningar
SAMSKIP



hótel
ÞORSHAMAR



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTMANNAEYJA

EIMSKIP

Coca Cola

viking tours

vestmannaeyjar



HÚSASMÍÐJAN



SÍMINN

KLETTUR
Strandvegi



JR verktakar



ERLEND LÁN FÁST

I leiðara Vísir í dag er ríkisstjórninni ráðlagt að snúa sér af allri að því að afta erlendis lána til langs tíma og annarra fjárfraðslu í Viðlagasjóð Vestmannaeyja.

Jafnframt er henni ráðlagt að taka sjálf ábyrgðina af almennum efnahagsáðgerðum, óviðkomandi eldgösum, og hengja ekki á Vestmannaeyinga áhugamál sín um

bann við verkföllum og launahækkunum og fleiru slíku.

— sjá bls. 6

Snarpasta nóttin í Eyjum

Snarpasta nóttin í Vestmannaeyjum var í nótt. Var talsvert hvasst austan, og gekk vikuhryðja yfir bæinn. Það kviknaði í að minnsta kosti einu húsi, og vikur og aska hlóðust upp af miklu magni. Loftmynd af kaupstaðnum. — Ljósmynd. Sgurgeir.



Peir fagna jarðeldum

— sjá baksíðu

★

Hundrað milljóna frá Norðurlöndunum

— sjá baksíðu

★

Hefur játað á sig morð

— sjá bls. 3

★

Smithsonian varð að hverfa frá gosinu

— og á nú á hættu

að fá ákúrrur frá rannsóknarráði

— sjá bls. 3

★

Þegar eldgos varð 30 þús. að bana á Martinique-eyju

— sjá bls. 2

KOSTAR 130 ÞÚS. AÐ MOKA HÚS ÚR KAFI

Jarðfræðingar hafa nú aukið vonir manna um, að verulegur hluti byggðarinnar í Vestmannaeyjum muni bjargast og þá jafnvel þau hús, sem þegar eru komin í kaf í vikrunum, og eru óbrunnin. Lítil líkindi munu vera til þess, að hraun

renni yfir byggðina. Þó að meiri aska eigi eftir að falla, er óvíst, að hún verði til svo mikils traðfala, þegar endurreisnarstarfið hefst af alvöru.

Visir leitaði í gær til Páls Hannessonar, verkfræðings og forstjóra Hlaðbæjar, til að kanna

hjá honum, hvað líklegt væri að kostaði að moka hús úr kafi í Eyjum. Miðað við stórvirk vinnutæki eins og þegar eru í notkun og miðað við fulla tolla og annað, sem verktakafyrirtækin hafa við að búa, sagði Páll, að kostnaður færi ekki yfir 60-70 krónur á rúmmetra. Þá er miðað við, að unnt væri að losna við vikurinn innan við einn kílómetra frá við-

komandi húsi.

Sé miðað við fyllsta kostnað, væri samkvæmt þessu hægt að moka upp einbýlishús á 800 fermetra lóð, þar sem vikurlagði væri 3 metrar, fyrir 130-140 þús. krónur, sem er auðvitað abeins brot af kostnaði hússins. Þá hús eru raunar komin svo á kaf, en menn geta miðað hlutfallslegan kostnað við að ryðja götur og lóbir við þessar tölur. Augljóst er að kostnaður við að ryðja allri óskunni burt af götum og lóðum, mun nema tugmilljónum. Sennilega yrðu aldrei mokuð upp hús, sem vitab er að illa eru farin, eða standa innan um mörg ónýtt hús.

—VJ

„Almennar aðgerðir“ — eða fé í Viðlagasjóð?

Meirihluti atvöðanna í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir vegna eldgossins var þess eðlis, að frekar var um „almennar aðgerðir“ í efnahagsmálum“ að ræða en aðstoð við Vestmannaeyinga. Þar var greint á um bann við verkföllum, frestun launahækkunar, framlög til stofnfjársgjós fiskiskipa og fleira af því tagi. Hætt var við að leggja frumvarpið fram í þessu formi, enda gagnrýnt í þinglíbi stjórnarflokkanna og af hannibalistum sér í lagi.

Frumvarpið verður tekið til athugunar af sjö manna nefnd allra flokka, sem Alþingi kaus í gær. Aðrar tillögur verða einnig til athugunar, meðal annars drög að tillögum sjálfstæðismanna, sem eru nokkuð á annan veg en tillögur stjórnarinnar. Þaðir gera ráð fyrir öflun rúmr tveggja milljarða króna.

I frumvarpsdrögum stjórnarinnar var gert ráð fyrir stofnun Viðlagasjóðs Vestmannaeyja. Í hann skyldi ranna hækkun launaskatts um 6%, hækkun söluskatts um

2%. Þá skyldi leggja 0,5% á gjaldstofn Búnaðarmálagjós, leggja 30% ofan á eignaskatt, og ríkissjóður legði 500 milljónir í sjóðinn.

Hins vegar eru „almennir“ liðir: Launahækkun, sem á að verða 1. marz, frestist til 1. nóvember. Laun, sem hafa hækk- að síðustu 3-4 mánuði vegna væntanlegrar launahækkunar annarra 1. marz, lækki sem því svarar. Þetta gildir til dæmis um kauphækkun í álverinu fyrir skömmu. Bannað skyldi að hækka ýmsa taxta. Verkföll skyldu bönnuð til 31. október. Vísitala megi ekki hækka nema

um ákveðin stig, hverjar sem verðhækkningar yrðu.

Fiskkaupendur og útgerðarmenn, sem selja afla erlendis, skili 5 1/2% af skiptaverðmæti, afla til stofnfjársgjós, en hinn helmingurinn ekki.

I drögum að tillögum, sem gerðar hafa verið í þingflokki sjálfstæðismanna, er gert ráð fyrir öflun allt að 2183 milljóna króna til Viðlagasjóðs Vestmannaeyja. Þar er gert ráð fyrir hækkun söluskatts um 3%, 30% viðlagagjaldi á eignaskatt, 1% hækkun útsvara, sem renni til Viðlagasjóðs, eins og sum bæjarfélög hafa lagt til, og 500 milljónir frá ríkissjóði.


Alþingi samþykkti í gær að heimila ríkisstjórninni að taka 500 milljón króna bráðabirgðalán í Seðlabanka eða annars staðar. —HH

„Blásum til bjartsýni og trúar“

Enginn sem kominn var til vits og ára 23. janúar 1973 gleymir þeim degi og þeim miklu tíðindum að morgni dags að allir íbúar Vestmannaeyja væru á leið til lands. Eldgos væri hafið og öll byggðin væri í hættu, en það fylgdi fréttinni að svo væri forsjóninni fyrir að þakka að allur bátafloki Eyjanna væri í höfninni vegna vondrar veðurspár, sem gerði það að verkum að íbúarnir gengu far til lands. Í einni andrá eignaðist íslenska þjóðin eina þjóðarsál. Það verður aldrei hægt að setja sig í spor íbúanna sjálfra, sem voru rífir upp úr rúmum sínum um miðja nótt og áttu fótum sínum fjör að launa, urðu að yfirgefa sínar helgustu eignir á stund mikillar óvissu og þungra órlaga.

Á mínu æskuheimili var þessi atburður mikið ræddur. Faðir minn, Ágúst Þorvaldsson, átti marga góða vini í Eyjum, reri þaðan 12 vertíðir og var tengdur sterkum böndum við Kirkjubæ, en gosið var í hlaðvarpanum. Hann sagði frá því að margt bar fyrir hann í Kirkjubæ í vistinni hjá Guðjóni og Höllu, þar á meðal sá hann huldukonuna og dóttur hennar í skini af bláu ljósi að raða leirtaui. Guðjón sagði honum að óttast ekki, þær væru með sínu leyfi og héldu verndarhendi yfir bænum og meðan svo væri myndi hvorki veður né eldur granda bænum.

Vestmannaeyjagosið er með



Guðni Ágústsson

stærstu atburðum Íslandssögunnar, þrungið tilfinningum og baráttu, þar sem Eyjamenn sýndu mikla hetjudáð í baráttunni fyrir endurreisn eyjanna. Í gosinu voru unnin mörg afrek sem skráð eru á spjöld sögunnar, þar sem menn lögðu í baráttu við glóandi hraunstrauminn til bjargar höfninni og byggðinni. Það er erfitt að nefna einstök nöfn manna í svona baráttu en mikill var styrkur bæjarstjórnar og ekki síst Magnúsar Magnússonar bæjarstjóra, Sigurgeirs Kristjánssonar forseta bæjarstjórnar og bæjarverkfræðingsins Páls Zóphoníassonar, en á þessa menn reyndi verulega sem forystumenn í bænum. Það var ekki einfalt að taka ákvarðanir við þessar aðstæður

og blása til bjartsýni og trúar á að byggð risi á ný eftir svona harmleik. Ríkisstjórn og Alþingi stóð einhuga að öllu björgunarflokkum og aðgerðum í þágu Vestmannaeyja.

En hvað sem hver segir, þá var yfir þessu öllu einhver hulin hönd, kraftur sem styrkti menn í trúnni og forðaði frá slysum og manntjóni. Vestmannaeyjar risu á ný og urðu aftur ein besta verstöð þessa lands. Megi heill og hamingja fylgja fólkinu í Vestmannaeyjum og eyjunum sjálfum um alla framtíð.

Guðni Ágústsson

Eygló í baráttusætinu.

Eygló Harðardóttir er í baráttusætinu á lista Framsóknarflokksins í Alþingiskosningunum. Eygló er framkvæmdastjóri Þorsks á þurru landi og vinnur að þorskveiðarannsóknum og eldi. Eygló er aðeins 30 ára.

FRAMSÓKNARBLAÐIÐ

Útgefandi:

Framsóknarflokkurinn
í Vestmannaeyjum

Ábm.: Andrés Sigmundsson

Prentun: Eyrún ehf.

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfuna

Raggi rakari
Íslandspóstur
Dala-Rafn
Stígandi
Vilberg
Lundinn
Börkur-Prýði
Fjölverk
Gistiheimilið Heimir
Godthaab í Nöf
Þórunn Sveinsdóttir VE

Bóndadagsblóm

Bóndadagurinn er á föstudag

Með hverjum tilbúnum blómvendi fylgir Bóndabrauð frá Magnúsarbakarí.

Opið 09.00 – 19.00.

Ódýrustu blómvendirnir í bænum.

Eyjablóm


S- 481-2047. • 848-1723.

Við bjóðum öllum bæjarbúum í kaffi og með því fimmtudaginn 23. janúar

Í stóru tjaldi á miðri Vestmannabrautinni og í bakaríinu bjóðum við bæjarbúum í kaffi og með því frá kl. 7 um morguninn til kl. 11. f. h.

Þú sleppir því að hella upp á heima og kemur einfaldlega til okkar í morgunkaffi.


Magnúsarbakarí 80 ára.



Í fyrstu tilraun reyndist hann vera erlendis, en væntanlegur fljótlega til landsins. Í annarri tilraun var hann kominn til landsins, en í háloftunum á leiðinni til Eyja. Í þriðju tilraun náði undirrituð í hann í gegnum simann á skrifstofunni í Ráðhúsi þeirra Eyjamanna.

Páll Zóphóníasson bæjarstjóri, reyndist boðinn og búinn til þess að spjalla við okkur. Það var bara verst með tímann. En einhvern veginn hlýti að vera hægt að komast því öllu heim og saman. Við skyldum bara koma.

Ög strax eftir lendingu á flugvellið í Eyjum brunuðum við niður í bæ og inn í Ráðhús. Við hittum Pál og urðum þess valdandi að hann fékk ekki hádegismat þann daginn. Hann bandaði frá sér hendinni, þegar við afsökuðum tímastuldinn og kváðst hafa nægan tíma. Klukkan fjögur átti samt að vera bæjarráðsfundur og morguninn eftir fór hann fljúgandi til Reykjavíkur í embættiserindum.



„ÉG ER AÐ VERÐA HÁLFGERÐUR FAGIDJÓT“

— SPJALLAÐ VIÐ PÁL ZÓPHÓNÍASSON, BÆJARSTJÓRA Í VESTMANNAEYJUM

„Sparar heilmikið bensín...“

Það sem nú heitir Ráðhús í Eyjum, var áður spítalinn þeirra. „Þetta var kallað salurinn“, segir Páll um herbergið sem hann býður okkur inn í. Nú er þar bæjarráðsherbergi, með löngu borði og mörgum stólum. Innaf er svo skrifstofa hans. „Hér lágú karlmenn“ heldur hann áfram. „Þeir hafa líka margir komið hingað inn síðan, byrjað á því að lita upp í loftið og sagt: Hér lá ég einu sinni.“

Af því að við erum nýkomin berst talið að fluginu og flugstöðvarmálum. Páll er hinn hressasti. „Það rættist úr þessu fljótlega. Á næsta ári fáum við nýjan flugturn og flugstöðvarbyggingu. Hingað til hafa menn hafst við hver í sinni flugstöð á flugvellið. Ný bygging sparar því heilmikið bensín. Þið sjáið það að 90-95% af bílum eru hafið í gangi á meðan beðið er á flugvellið, bara til að hita bílinn, eða halda útvarpinu í gangi. Þetta er eini staðurinn í heiminum þar sem menn sitja og bíða í eigin flugstöðvum!“

„Missti bestu bókina mína“

En ætlin er að kynna þennan 35 ára gamla bæjarstjóra Vestmannaeyinga svöltið. Hann er fæddur í Kaupmannahöfn 12. júlí 1942. „Faðir minn er íslenskur en móðir mín dönsk“, segir Páll. „Við vorum öll stríðsárin í Danmörku en komum heim eftir stríðið með Esjunni. Nei, ég man lítið sem ekkert frá þeim árum.“

„Ég man eftir því þegar Engendingar keyrðu inn í Óðinsvé, og ég man að ég missti bestu bókina mína aftan úr skutnum á



„Við löbбуðum með hjálma í gegnum gufu og öskufall og ég fann að hann vildi virkilega setja sig inn í það sem hér var að gerast“. Páll með Palme og Sigurði Þórarinssyni, en að öllum öðrum heimsóknum ólöstuðum man Páll heimsókn Ljós. BG

Esjunni, þegar við vorum að fara heim til Íslands. Ég átti forlata bók, sem ég man ekki lengur hvað hét, en mér þótti mjög vænt um þessa bók. Svo hef ég sjálfsagt verið að prilla eins og títt er um krakka, og missti þá bókina.“

„Ég man svo eftir því þegar heim til Íslands kom, að ég var lagður í rúmið hennar ömmu minnar. Ég var þá veikir, —

hafði fengið einhverja pest, og ég minnst þess að ég lá þarna og skildi ekkert hvað fram fór í kringum mig. Þá skildi ég ekkert nema dönsku.“

Ekki komið til Eyja einu sinni

„Við bjuggum á Söleyjargötu fyrst eftir að heim var kom-

ið. En fljótlega fluttum við í Eskihlíðina þar sem ég átti heima fram til ársins '62. Þá fór ég til Danmerkur.“

„En áður en ég fór lauk ég trésmíðanami. Í Danmörku lærði ég svo tæknifræði, fór út til þess, en var ekki alveg viss um áframhald. 1967 kláraði ég tæknifræðina og fór síðan að vinna í Alaborg hjá raðgjafa verkfræðistofu. Ég

var ráðinn til þriggja mánaða en það fór svo að ég var þar í fimm ár.“

— Hvernig atvikabíst, að þú fyrst til Eyja?

„Það vantaði bæjartækni-fræðing í Eyjum. Magnús, sem þá var bæjarstjóri, fékk upplýsingar um það hjá Verkfræðingafélaginu og Tækni-fræðingafélaginu, hverjir væru erlendis. Hann hafði samband við mig á miðvikudegi og ég ákvað það endanlega að fara til Eyja á laugardegi.“

„Þetta var '72. Þá hafði ég ekki einu sinni komið til Eyja. En þar kom að ég skrapp út með flugi rétt til að kanna aðstaður. Ég var hálf áttaviltur fyrst og það tók mig smá tíma að gera mér grein fyrir áttunum. Hér er nefnilega miklu meira talað um að fara austur, vestur og norður, heldur en víða annars staðar. Þess vegna er eitt af því fyrsta sem ég segi folki sem hingað kemur og ég tek á móti, hvar norður er!“

Ekki mikill viðgerðarmaður

„Þetta lagðist annars mjög vel í mig frá byrjun. Ég hafði fljótlega mikið að gera, en eitt af því þóttiva sem ég hafði séð við það að vera í Eyjum, var að ég þóttist öruggur um að þurfa ekki að fá mér bíl. Ég hafði fengið nóg af bílum og viðgerðum í Danmörku, því ég er hreint ekki mikill viðgerðarmaður. En eftir hált ár hér var ég kominn á bil eins og aðrir.“

„Annars notar maður bílinn sem regnhlíf hér í Eyjum. Ef veðurfarir væri betra, væri gengið miklu meira. En rigningin fellur lærétt hér en ekki löbrétt eins og annars staðar! Mér þykir gott að ganga og ef ég er staddur í Reykjavík og þarf ekki að flyta

Gönguleiðir á Há, Molda, Klif, um Eggjar á Blátind og gönguleiðir á Heimaklett.

Við hefjum gönguna, að þessu sinni undir Skiphellum, hvar er hin landsfræga Spranga, þar sem ungt Eyjafólk lærir að klifra í klettum og sveifla sér í kaðli.

Á tungumáli innfæddra kallast það „sprang“, þeir sem náð hafa mestri leikni í þessari þjóðarþrótt Vestmannaeyinga gera ótrúlegar listir í bjarginu, svo unun er á að horfa. Nokkrar misháar syllur eru í spröngunni, allt frá „almeningi“ og upp í „gras“, þaðan sem mestu hetjurnar bókstaflega fljúga fram af.

Óvönur er ráðlagt að fara varlega í spröngunni, þó nokkur slys hafa orðið þarna vegna óaðgæslu.

Leiðin liggur til vesturs í átt til Hánnar, létt ganga til að byrja með. Uppi á Há er eins og allir ungir Eyjakrakkar vita, heimili jólasveinanna. Þaðan koma þeir til byggða á þrettándanum til að kveðja jólin með öðrum Eyjamönnum, og hverfa þangað aftur fram að næstu jólum.

Upp, upp min sál, nú leggjum við af stað upp brekkurnar í átt til Molda, efst uppi við bjargbrún er flaggstöng, þar sem flaggað er á þjóðhátíð.

Milli Molda og Blátinds var til skammst tíma strengd lína á þjóðhátíðum, ýmis konar skraut var fest í þessa línu s.s. stjarna ofl.

Leiðin liggur til norðurs eftir bjargbrúninni, hægt var að fara niður á Eggjar, en svo nefnist leiðin vestur eftir Daljalli, eftir tveimur leiðum. Leiðin, sem liggur nær Molda sneiðir meðfram blágrýtishamri, þar varð mikið brun haustið 2001. Enginn ætti að stytta sér leið þar um.

Hér er hægt að fara niður í átt að Klifi. Leiðin liggur þá niður bratta brekku til norðausturs. Fljótlega komum við að Litla Klifi, sveigjum til norð-

vesturs og upp klettabelti í átt að Náttmálaskarði. Skarð þetta liggur milli Litla- og Stóra Klifs.

Svo ótrúlega, sem það hljómar í dag var talsvert undirlendi norður og vestur undan Klifinu, inn með svokölluðum Skönsum. Þetta undirlendi náði í átt að dröngunum tveimur Litla- og Stóra Erni, sem í dag liggja talsvert frá landi. Kúm var beitt á þetta svæði til forna, og um náttmál komu þær gjarnan upp í Náttmálaskarð á heimleið. Í dag er þarna engum fært nema fuglinum fljúgandi.

Leiðin upp á Klif liggur í nokkrum sveigum og á nokkrum stöðum er góð handfesta með keðjum.

Mikil fjarskiptamannvirki eru á toppi Stóra Klifs. Segja má að mestöll útvarps- sjónvarps- og fjarskiptahjónusta suðurlands- undirlendis sé hér samankomin. Nokkuð sléttlendi er á Klifinu, sem gerir þetta svæði svo heppilegt undir þessa starfsemi.

Um 1960 keypti Vestmannaeyjabær Eyjarnar af íslenska ríkjunu, nokkrir skikar eru þó enn í eigu ríkisins þar á meðal þetta svæði.

Þessi ganga á Klifið var útúrdúr, þess vegna erum við stödd aftur upp á Molda og hjöggjumst ganga Eggjar.

Nyrðri leiðin er mjög greið, þar sem hún liggur niður á Eggjarnar. Þessi leið er mjög falleg, þar sem Herjólfssalur blasir við til suðurs, mjög bratt er niður norðan megin, þaðan er fallett útsýni inn um Eyjasund og til lands.

Þegar komið er vestur um Eggjar, skiptist leiðin, hægt er haldra niður í Dalinn, eða fara niður í Stafnes (Stafnsnes), sem er mjög fallegur staður niður við sjó í norðvesturátt. Leiðin þang-

að liggur niður grasbrekkur eftir vel mörkuðum kindagötum.

Ufsaberg er sérkennilegt klettabelti til norðurs, þverhnipt niður í sjó, austan við bergið eru Eysteinsvík og Æðasandur, fall- eg sandfjara.

Stafnes er tanginn niður við sjó, sem teygir sig til suðvesturs.

Gönguleiðir á Heimaklett.

Gangan hefst við gamalt skýli, sem reist var árið 1930. Í þessu skýli var geymdur björgunarbátur, sem ætlaður var til nota innan við Eiði. Slys, sem varð nokkru áður er nokkrir menn fórust á leið út í Gullfoss, sem lá fyrir Eiðinu, varð til þess að báturinn var staðsettur þarna. Björgunarbáturinn af Eiðinu er nú í vörslu Bygðasafnsins, og er gjarnan hafður utandyra við safnið yfir sumartímabili.

Gengið er upp klappir, þar sem komið hefir verið fyrir tréþrepum og stundum er einnig band þar fyrir handfestu. Þessar klappir geta verið nokkur hálar í bleytu og frosti.

Segja má að þarna sé ef til vill hættulegasti staðurinn á allri leiðinni á Klettinn. Leiðin liggur upp eftir Neðri Kleifum svokölluðum, að stiga sem staðsettur er inn undir 6-7 metra háum kletti, þegar komið er ofarlega í stiggann sést „papakrossinn“, talið er að þessi kross sé nokkuð merkilegur. Jafnvel að hann sé frá því fyrir landnám, sagan segir að „papar“ hafi dvalið hér í Eyjum á þeim tíma.

Eftirlíking af þessum krossi þrýðir nú kirkju Hvítasunnunnanna í miðbænum.

Löngunef heitir raninn, sem liggur í suður frá Neðri Kleifum. Frá Botninum svokallaða, sem var fjaran sunnan Þrælaiðis, meðfram Löngunefi og inn í Löngu, var áður fyrir göngubrú, sem fest var í bergið. Enn má sjá leifar af þessari brú.



Leiðavardan á Urðunum.

Langa er sandfjara milli Löngunefs og nyrðri hafnar- garðsins. Hórgeyrargarðs. Heimildir herma að sendimenn Noregskonungs, þeir Gissur hvíti og Hjalti Skeggjason hafi tekið land á Hórgaeyri kringum árið 1000 og reist kirkju á þessum stað.

Undir Löngu er gamalt vatns- ból uppi við klettinn, sem nefnt er Karatö. Þangað sóttu sjómenn vatn á báta sína á fyrstu áratugum aldarinnar. Lítil stein- bryggja, sem enn stendur, var reist af því tilefni. Að bryggjunni lá vatnsleiðsla.

Rétt ofan við stiggann er fjár- rétt tómsundabænda, sem beita fé sínu í Heimakletti. Nú erum við komin á Efri Kleifar, leiðin liggur í austur framhá lundav- eiðistad, sem nefndur er Kristjánssæti, eftir Kristjáni Ingimundarsyni frá Klöpp. Hann veiddi mikið á þessum veiðis- tad. Fljótlega komum við að svokallaðri „skriðu“. Þar var áður nokkuð af lausu grjóti, sem nú er horfið.

Á þessum stað var keðja til handfestu, keðjan er horfin en nokkrir boltar, sem heldu keðjunni eru enn í slóðinni.

Hamrabeltið, sem rís upp af þessum stað heitir Hetta.

Þangað var sótt grjót í Hórgeyrargarð, bygging hans hófst árið 1915 og lauk ekki fyrr en 1928. Maður var nefndur Jón, hann sá um að sprengja grjótið. Eftir það var hann ávallt kallaður Hettu-Jón.

Til er önnur leið upp Klettinn á þessu svæði, leiðin liggur meðfram Hettu í litlu gili, þessi leið er styttri og þægilegri á margan hátt, en einhver hætta er á grjóthruni á þeirri leið.

Þegar komið er upp á Hettu er greið leið upp Klettinn eftir vel markaðri gönguleið, sem menn og kindur hafa valið í sameiningu. Talsvert er af sauðfé í Heimakletti, hluti af því gengur úti allt árið.

Norður undan, er Dufþekja, brattlendi niður undir sjó. Mjög laus jarðvegur er á þessu svæði og enginn ætti að hætta sér þangað.

Nafn sitt dregur hún af Dufþaki, einum af þrælum Hjörleifs, sem á að hafa varpað sér þar niður frekar enn að lenda í höndum Ingólfs Arnarsonar og manna hans. Fjölmargir hafa farist í Dufþekju, trúlega við eggjatöku.

Friðbjörn Ó Valtýsson



Krukksþá

Í kringum gosið var mikið rætt um allskonar spádóma, drauma og dularfulla atburði er ýmsir tengdu eða töldu fyrir- boða atburðana. Ekker komst þó í hálfkvist á við spall og tilvit- nanir í krukksþá var þá ýmist vitnað í tyrkjaránið og fl. Krukksþá er kennd við Jón krukka, og þar segir m. a. „Þá verður danskur biskup þrettán á í Skálholti. Vestmannaeyjar verða rændar þrem snum, þris- var hertekið fólk og brenndir bæir. Eftir það eru sendir ræ- ningjar frá páfanum. Brennast þær þá og eyðast, svo þær byg- gjað ekki þaðan í frá, utan þar verða verskálur af landi. Í þann tíma brennur Hekla sem kola- gröf í hálf þriðja ár, svo að á Landinu verða flúðir bæir all- margir“. Einnig segir í Krukksþá á einum stað. „Eina miðsvetrarmótt lá Jón úti. En að morgni segir hann: Þrjár prestar verða í einu í Vestmannaeyjum, og verða tveir teknir, en einn kemst á land. Þá verða hörn-

ungar þar, því aumur verður endir í heimi þessum. Betra er þá að vera mold orðinn í jörðu í nafni Krists og Maríu. Víða í Krukksþá koma Vestmannaeyjar við sögu og við höldum áfram að vitna í spánna.“ Anno 1514 spáir Jón krukku eina jólanótt, að eftir biskupinn herra Gísla kemur Oddur hinn hái úr Austfjörðum. Hann verður friðsamur höfðingi. En að er nokkuð, þó vel fari, því hann (aftekur) síðugan lifnað, en fylg- ir fast Christ krossi. Um þann tíma (ríkir) Goðbrandur hinn mikli á Hólum. Bæðir þeir bisku- par verða ellimóðir. En á móti þeirra burtferð verða þau undur, að ræningjar koma á Austfjörðu og Vestmannaeyjar, hverjar þá verða rændar og fólk hertekið.

Þá verður prestlaust í Vest- mannaeyjum. Í þeirra biskupa- tíð eyðist Síða fyrir sandi og hörðum vetri, svo næsta ekki byggð (verður). Kötulgjá og Sandfellsjökull veldur því. Í þeirra biskupa- tíð verður stríð

milli Svenskra og Danskra. Í annan tíma, móti burtför Goðbrands, kemur svo mikill stormur af ofveðri, að musterið skerðir að jörðu. En um burtför Odds hinn há brennur eldur í Skálholti. Bæðir þeir biskupar hafa því fyrir komið, að öldungis afleggst það síðugt lífern, sárir grátar, sætar föstur og heilagir krossar. Verra er þá en áður, því enginn má minnst Maríu minnar elskulegrar“. Í lokin skal vitnað í lokabátt Krukksþá. „Sæll er þá Jón í sælu guðs og Maríu guðsmóður. Anno 1523, á því ári, sem Jón hvíldist á hans kerlingardag, þá hafði hjá honum verið maður sá, sem kallaður var Oddur Koka. Þá hafði hann sagt, að Vestmannaeyjar mundi ofbyg- gðar sakir ræningja og hafna- leysis, enda er þá mál að hætta, því þá verður síðasta Hvols- brenna í allra manna minni, sem þá eru, og mun sýna þá mörgum hræðileg eftirdæmi. Sæll er Jón þá í þann tíma“.



*sendir Vestmannaeyingum
kveðjur á þessum tímamótum*

SÍMI 481- 1926 · FAX 481-1785 · VEFFANG: www.vis.is



Ljósni: Sigmar Pálmason